# 234. Katrín Jakobsdóttir (Response to reply)

Norðurlandaráð hefur talað mjög skýrt um að það verði að verja fjárveitingar til menningarmála sem eru þessi ákveðna undirstaða fyrir norrænt samstarf. Ég skil að það er erfitt að forgangsraða fjármunum og það er erfitt að leggja nýjar áherslur. Þá þarf auðvitað að finna jafnvægið á milli þessara nýju áherslna og þeirra grundvallarmála sem við viljum standa vörð um. Eins og ég hef skilið það, eftir mjög skýr skilaboð frá Norðurlandaráði, þá hefur verið ákveðið að auka þessar fjárveitingar til þessara undirstöðuþátta, þ.e. mennta- og menningarmála. Ég er þeirrar skoðunar sjálf að við þurfum alltaf að tryggja þennan grundvöll því að hann er þessi undirstaða sem allt hitt kemur ofan á.

**Skandinavisk översättning**

Nordisk Råd har gjort det meget klart, at det er nødvendigt at værne om finansielle midler, der bruges til kultur, som er det bestemte grundlag for det nordiske samarbejde. Jeg forstår, at det er svært at prioritere finansielle midler, og det er svært at omprioritere. Så skal man selvfølgelig finde en balance mellem de nye prioriteringer og de grundlæggende områder, som vi ønsker at værne om. Som jeg har forstået det, efter en meget klar udmelding fra Nordisk Råd, så har man besluttet at øge bevillingerne til disse fundamentale områder, dvs. uddannelse og kultur. Jeg er selv af den opfattelse, at vi altid skal sikre dette fundament, fordi det er grundlaget for at alt det andet, er kommer ovenpå.